

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Grein birt 31. desember 2011

Sigurður Pálsson

Trúarbragðafræðsla í skólum Af vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE

Á vettvangi Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) hefur á undanförunum árum verið talsvert rætt um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum. Í greininni eru ræddar helstu ástæður þessarar umræðu. Sagt er frá umræðu félagsfræðinga um kenningar sem settar voru fram eftir miðja síðustu öld þess efnis að veraldarvæðing (e. *secularization*) vestrænna þjóðfélaga myndi að lokum leiða til þess að hið trúarlega hætti að skipta máli í opinberri umræðu. Reynslan hefur orðið önnur. Kynntar eru skýrslur frá Evrópuráðinu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum, þar sem færð eru rök fyrir mikilvægi hennar í skólum og bættrar kennaramenntunar í þeim fræðum. Bent er á að þekking á eigin trúarbrögðum og menningu og trúarbrögðum og menningu annarra auki skilning og umburðarlyndi, sem er forsenda friðsamlegra samskipta. Þá er bent á að trúarbragðafræðsla, ásamt fræðslu um trú- og tjáningarfrelsi, styrki lýðræði og mannréttindi. Þá eru kynntar niðurstöður og tillögur ráðstefnu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum sem haldin var í Toledo á Spáni árið 2007 á vegum ÖSE og kynntar voru í sérstöku riti: *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*.

Sigurður Pálsson, guðfræðingur og dr. í menntunarfræði er pastor emeritus.

Religious Education in Public Schools: An ongoing Debate at the Council of Europe and OSCE

Within the Council of Europe and OSCE (Organisation for Security and Co-operation in Europe) there has been considerable debate about religious education in public schools. This article will try to shed some light on this debate. In the last decade there has been a significant debate amongst sociologists over theories that were published in the 1960s. The theories maintained that secularization would lead to a decline of religion, both in society and in the minds of individuals. It has turned out differently. The article will introduce a number of reports from the Council of Europe on religious education in public schools, where reasons for the importance of religious education and the improved education of teachers in those subjects are discussed. The main arguments are that knowledge of pupils' own religion and culture, as well as the religion and culture of others and education in the freedom of religion and freedom of speech are the best ways to increase understanding and tolerance among people. Following that, findings and suggestions from a conference on religious education in public schools, which was held in Toledo in Spain in 2007 by OSCE, will be introduced and discussed.

Sigurður Pálsson, theologian and Ph.D. in Education, is pastor emeritus.

Inngangur

Trúarbragðafræðsla í skólum á Íslandi á í vök að verjast. Þrátt fyrir námskrá með háleit markmið er þrengt að henni í grunnskólum. Enda þótt ekki hafi verið gerðar formlegar rannsóknir á stöðu greinarinnar tel ég mig geta staðhæft þetta, eftir að hafa í 30 ár hlustað á reynslusögur kennaranema sem hafa verið í æfingakennslu í greininni. Í framhaldsskólum er undantekning ef trúarbragðafræðsla er boðin sem valgrein. Í kennaranámi hefur trúarbragðafræði verið valgrein í tvo áratugi.

Málefnaleg opinber umræða um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum hefur ekki siglt háreistu segli hér á landi undanfarna hálfu öld, öfugt við það sem er í nágrannalöndum okkar, þar sem löggjafarsamkomurnar hafa rætt af ákafa um trúarbragðafræðsluna í hvert skipti sem lögum og námskrám hefur verið breytt (Sigurður Pálsson, 2008). Eftirfarandi er viðleitni til þess að leggja orð í þennan tóma belg.

Síðla árs 2007 var lagt fram á Alþingi Íslendinga frumvarp til nýrra grunnskólalaga þar sem fella átti niður námsgreinina kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði og setja efnið undir samfélagsgreinar. Enga skýringu né rök fyrir þessari breytingu var að finna í greinargerð með frumvarpinu önnur en þau að „... í gildandi viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá eru þessir þættir með sameiginlega tíma til ráðstöfunar“ (Þingskjal 319, 2007-2008). Þetta breyttist þó í meðförum Alþingis og heitir greinin nú trúarbragðafræði. Eftir að hafa tekið þátt í gerð námskrár í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum allt frá árinu 1973, og í tengslum við það fylgst með skiptingu kennslustunda milli námsgreina, tel ég mig geta fullyrt að sú ákvörðun að tilgreina ekki sérstaklega fjölda kennslustunda sem verja skyldi til trúarbragðafræðslu en þess í stað sameiginlegan kennslustundafjölda samfélagsgreina og kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum, sneiddist í raun um þann tíma sem varið er til kennslu í greininni.

Nú er kennaranámið í endurskoðun og fyrir dyrum stendur að semja sameiginlega námskrá fyrir samfélagsgreinar og trúarbragðafræði þrátt fyrir að þetta séu í lögum tvær námsgreinar. Af framangreindum ástæðum tel ég ástæðu til að kynna hér fjórar skýrslur um mikilvægi trúarbragðafræðslu sem gefnar hafa verið út af Evrópuráðinu og ritið *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools* sem gefið var út af Öryggis og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) árið 2007.

Endurkoma trúarbragða á vettvang stjórnmálanna

Þjóðfélög Evrópu tóku miklum og margvíslegum breytingum á síðustu öld. Meðal annars breyttust þau úr tiltölulega einsleitum kristnum þjóðfélögum í það sem kallað hefur verið veraldarvædd fjölmenningsamfélög.

Hugtakið *veraldarvæðing* er tilraun til þýðingar á hugtakinu *secularization* (einnig kallað afhelgun). Fyrri hluti orðsins, *secular*, er notað um það sem er veraldlegt, þ.e. ekki trúarlegt. *Secularization* er notað um ferlið, veraldarvæðinguna (afhelgunina).

Félagsfræðingar segja þetta ferli fela í sér fjóra aðgreinda þætti: Í fyrsta lagi aðskilnað pólitískra og trúarlegra stofnana; í öðru lagi víkjandi trúarlega áherslu í umræðum um þjóðfélagsmál, vísindi, heimspeki og siðferði; í þriðja lagi minnkandi þátttöku í trúarlegum athöfnum og „einkavæðingu“ hins trúarlega og í fjórða lagi veraldarvæðingu eða afhelgun hugarfarsins (Scharf, 1970; Davie, 1999; Copley, 2005). Veraldarvæðing hugarfarsins leiðir til lífsviðhorfs sem kallað hefur verið *veraldarhyggja*, sem felur í sér þá sannfæringu að maðurinn sé algerlega af þessum jarðneska heimi og að öll tilvera hans verði skilin og skýrð með vísindalegum hætti. Allt frá nítjándu öld hefur verið álitnið að veraldarvæðingin væri og héldi áfram að vera sjálfgefið einkenni nútímavæðingarinnar (e. *modernization*), en helstu einkenni hennar eru traust á skynsemi, vísindum og framförum. Því

þótti mikilvægt að hefja vísindin til vegs og láta þau útrýma hjátrú og hindurvítum og leysa þannig trúarbrögðin af hólmi. (Páll Skúlason, 1987). Heimur vísindanna varð viðskila við heim trúarinnar (Crittenden, 1988; Newbiggin 1989; Alvesson og Sköldbberg, 1994). Þessi viðhorf höfðu að sjálfsögðu mikil áhrif á alla menntun, svo sem val á námsgreinum og þann tíma sem þeim var ætlaður á stundaskrá. Einkavæðing trúarinnar og veraldarvæðing menntunarinnar leiddi síðan til þess að þekkingu á kristinni trú hrakaði og þorri fólks, jafnt menntamenn sem aðrir, týndu tungumáli trúarinnar og skorti þekkingu og skilning á trúarlegum grundvallarhugtökum til að geta tekið þátt í upplýstri umræðu um trúmál.

Um miðja síðustu öld rituðu félagsfræðingar talsvert um veraldarvæðinguna. Settu þeir fram kenningar þess efnis að þessi þróun myndi halda áfram í þá átt að trúarbrögð skiptu nánast engu máli í vestrænum samfélögum framtíðarinnar. Framarlega í flokki þessara fræðimanna var austurrísk- bandaríski félags- og guðfræðingurinn Peter L. Berger (Berger, 1969; Ziebertz og Riegel, 2008).

Rétt fyrir síðustu aldamót hélt Berger opunarfyrirlestur í fyrirlestraröð sem efnt var til við *John Hopkins University* í Bandaríkjunum. Fyrirlestrarnir fjölluðu um áhrif ólíkra trúarbragða í opinberu lífi í nútímasamfélögum víðs vegar um heiminn. Í fyrirlestri sínum staðhæfði Berger að „... hugmynd okkar um að við lifum í veraldarvæddum (afhelguðum) heimi er röng. ... Þetta merkir að allir þeir bókastaflar sem ritaðir hafa verið af sagnfræðingum og félagsvísindamönnum og merktir hafa verið „kenningar um veraldarvæðingu“ hafa í grundvallaratriðum rangt fyrir sér“ (Berger, 1999, bls. 2).

Í bók sinni *The Global Resurgence of Religion and the Transformation of International Relations* greinir dr. Scott M. Thomas (2005), sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, frá því hvernig þessar kenningar eða „goðsagnir“ um veraldarvæðingu leiddu til þess að mönnum sást yfir mikilvægi trúar- og menningararfsins í sjálfsskilningi einstaklinga, þjóða og menningarheilda. Sömuleiðis bendir hann á hvernig lítið hefur verið framhjá hlutverki og áhrifum trúarbragða, trúarlegra stofnana og trúarhreyfinga í þróun alþjóðastjórn mála.

Menntun og trúarbrögð – Af vettvangi Evrópuráðsins

Endurkoma trúarbragðanna á vettvang þjóðfélags- og stjórn málaumræðu samtímans, auk vaxandi fjölmenningar, hefur á vettvangi Evrópuráðsins vakið umfangsmikla umræðu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum. Fyrst skal nefna skýrslu frá nefndinni Committee on Culture and Education (1993): *Report on religious tolerance in democratic society*. Í skýrslunni er rætt um nauðsyn þess að þátttökupjóðir Evrópuráðsins vinni markvisst að því að auka umburðarlyndi þegnanna í trúarlegum efnum, í nafni lýðræðis og mannréttinda. Einnig er vakin athygli á þeirri þróun undanfarinna áratuga sem leitt hefur til eins konar „gildakreppu“ eða öllu fremur „skorts á gildum“ í Evrópu nútímans. Markaðssamfélögin hafi reynst jafn ófær og samfélög kommúnismans um að tryggja velfarnað og félagslega ábyrgð þegnanna. Þetta hafi m.a. leitt til afturhvarfs margra til trúarbragðanna og þeirra gilda sem þau boða. Mikilvægt sé að þessi þróun verði löguð að grundvallargildum lýðræðis og mannréttinda. Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að fræðsla um trúarbrögð og siðfræði sé í námskrám opinberra skóla í því skyni að efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum. Ein af forsendum þess að þau markmið náist er að í almennri menntun sé lögð áhersla á þekkingu nemenda á ríkjandi trúarbrögðum og siðgæðisviðmiðum í eigin samfélagi enda ljóst að þekkingarskortur á því sviði geti leitt til fordóma gagnvart eigin trúar- og menningararfi. Mikilvægt sé að kennaramenntun verði stórefld á þessu sviði.

Þá ber að nefna skýrslu frá Committee on Culture and Education (1998): *Religion and democracy*. Í þessari skýrslu er lögð áhersla á að halda skuli stjórn málum og trúarbrögð-

um aðgreindum. Hins vegar er bent á að lýðræðisgildi og trúarbrögð þurfi ekki að vera ósættanleg heldur geti verið fullgildir samstarfsaðilar. Ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins eru hvattar til að tryggja samviskufrelsi og trúarlegt tjáningarfrelsi, hvetja til samræðna milli trúarbragða og stuðla að menningarlegri og félagslegri tjáningu trúarbragða. Bent er á að menntun sé lykilatriði þegar kemur að því að vinna gegn fátæðni, staðalímyndum og misskilningi á trúarbrögðum. Því er lögð áhersla á að aðildarríkin líti á endurskoðun námskrár á öllum skólastigum, einnig háskólastigi, sem forgangsverkefni í því skyni að efla trúarbragðafræðslu.

Þriðja skýrslan sem hér verður greint frá er frá Committee on Culture, Science and Education (2007): *State, religion, secularity and human rights*. Í þessari skýrslu er m.a. vakin athygli á að Evrópuráðið hafi á síðasta áratug lagt vaxandi áherslu á stöðu trúarbragða í þjóðfélögum Evrópu og fræðslu um þau. Eins og ráða má af heitinu er efni skýrslunnar staða trúarbragða innan veraldarvæddra samfélaga, bæði sjálfstæði trúarbragða gagnvart stjórnkerfinu og öfugt, en einnig samstaða og samvinna trúfélaga og ríkisvalds þegar kemur að umburðarlyndi, mannréttindum og mótun félagslegs siðgæðis. Þá er vakin sérstök athygli á mótunaráhrifum trúarbragða, einkum hins gyðing-kristna arfs, á vestræna menningu. Bent er á að þrátt fyrir minnkandi þátttöku í trúarlegum athöfnum almennt, fjölgar trúfélögum og er sérstaklega bent á mikla fjölgun múslíma í flestum ríkjum Evrópu.

Ráðstefna ÖSE um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum

Í mars 2007 var haldin í Toledo á Spáni ráðstefna um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum á vegum ÖSE. Að ráðstefnunni komu *Advisory Council of its Panel of Experts on freedom of Religion or Belief* auk tuga sérfræðinga um uppeldi og menntun, lögræðinga, guðfræðinga frá ýmsum kirkjudeildum og fulltrúa frá veraldlegum lífsskoðanasamtökum auk fræðimanna á sviði mannréttinda. Að ráðstefnunni lokinni var gefið út ritið *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools* (ODIHR, 2007). Í formála segir að ástand heimsmála, svo sem vaxandi fólksflutningar ásamt þrálatum ranghugmyndum um trúarbrögð og menningarheildir, hafi leitt í ljós, með ótvíræðum hætti, mikilvægi þess að stuðla að umburðarlyndi og jafnræði ásamt trú- og skoðanafrelsi. Þörfin fyrir betri skilning og þekkingu á trúarbrögðum og lífsviðhorfum verði æ ljósari. Ranghugmyndir og neikvæðar staðalímyndir séu í sívaxandi mæli notaðar til að ögra og efna til ofbeldisverka. Brýnt sé að ungt fólk öðlist betri skilning á því hlutverki sem trúarbrögðin gegna um heim allan. Þörfin fyrir slíka menntun eigi aðeins eftir að vaxa með auknum samskiptum fólks frá ólíkum menningarsvæðum og með ólíkan sjálfsskilning (e. *identities*).

Í ritinu er ítarlega fjallað um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum og lögð áhersla á hana sem nauðsynlegan þátt í sérhverri gæðamenntun (e. *quality education*), en jafnframt er lögð áhersla á að þannig sé að fræðslunni staðið að mannréttindaákvæði um trúfrelsi séu virt. Í skýrslunni eru ítrekað notuð orð eins og varfærni, aðgát, tillitssemi, jafnvægi, umhyggja, hreinskilni, samkennd og virðing (Sødal, 2008).

Helstu niðurstöður ráðstefnunnar voru m.a. þessar:

- Þekking á trúarbrögðum getur aukið skilning á mikilvægi þess að virða frelsi allra til að ástunda eigin trúarbrögð, að hlúa að lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu, að hvetja til þess að sýna félagslegri fjölbreytni skilning og um leið að efla félagslega samloðun. Sé þekking á trúarbrögðum fyrir hendi getur það dregið úr átökum sem byggjast á skorti á skilningi á trú annarra og stuðlað að virðingu fyrir réttindum þeirra.

- Þekking á trúarbrögðum er ómissandi þáttur í sérhverri gæðamenntun. Hún verður að vera til staðar til að skapa skilning á stórum hluta sögu, bókmennta og lista auk þess sem hún stuðlar að aukinni menningarlegri víðsýni.
- Kennsla í trúarbrögðum skilar mestum árangri þegar samtímis er reynt að innræta fólki virðingu fyrir réttindum annarra, jafnvel þótt ágreiningur ríki um trúarbrögð. Trúfrelsi telst til algildra mannréttinda og í þeim felst skuldbinding til að vernda réttindi annarra, þar með talin virðing fyrir reisn allra manna.
- Það gengur ekki gegn trúfrelsi fólks að skylda það til að taka þátt í námskeiðum um trúarbrögð þegar skyldunámskeiðin eru nægilega hlutlaus og hlutlæg, jafnvel þótt ríkjum sé heimilt að gefa fólki kost á því að hafna þátttöku að hluta til eða öllu leyti við þær aðstæður (ODIHR, 2007, bls. 13–14).

Trúarbragðafraeðsla – leiðbeinandi meginreglur

Í ljósi þess sem sagt hefur verið hér að framan má staðhæfa að brýnt sé að endurskoða stöðu trúarbragðafraeðslu í skólum á Íslandi ekki síður en annars staðar í Evrópu. Það á einnig við um kennaramenntunina. Í ritinu *Toledo Guiding Principles ...* eru settar fram helstu leiðbeinandi meginreglur um trúarbragðafraeðslu í opinberum skólum sem aðildarríki ÖSE hafa verið hvött til að hafa hliðsjón af við skipulag og framkvæmd trúarbragðafraeðslu og fraeðslu um önnur lífsviðhorf í opinberum skólum (ODIHR, 2007).

Alltaf þegar kennsla um trúarbrögð fer fram í opinberum skólum á vegum aðildarríkja ÖSE þarf að hafa eftirfarandi leiðbeinandi meginreglur í huga:

1. Fraeðslu um trúarbrögð þarf að vera þannig háttáð að kennslan sé sanngjörn, nákvæm og byggð á áreiðanlegri fraeðimennsku. Nemendur ættu að læra um trúarbrögð í umhverfi þar sem mannréttindum, grundvallarfrelsi og borgaralegum gildum er sýnd full virðing.
2. Þeir sem fraeða um trúarbrögð ættu að sýna trúfrelsi fulla hollustu þannig að það komi fram innan veggja skólans og stuðli að því að vernda réttindi annarra í gagnkvæmri virðingu og skilningi þeirra sem í skólasamfélaginu eru.
3. Það fylgir því mikil ábyrgð að kenna um trúarbrögð en kennsluaðferðirnar mega hvorki líta fram hjá né vinna gegn því hlutverki fjölskyldunnar og trúarsamtaka og safnaða að miðla gildum til komandi kynslóða.
4. Leggja ber áherslu á að stofna til ráðgjafahópa á hinum ýmsu stigum sem taka tillit til allra þegar leitað er til hagsmunaaðila af ýmsu tagi við undirbúning og gerð námsefnis og námsáætlana og við þjálfun kennara.
5. Ef ekki hefur verið gætt nægjanlegs hlutleysis við gerð skyldunámsáætlunar um kennslu um trúarbrögð ber að kappkosta að endurskoða hana til að bæta jafnvægi hennar og hlutleysi. Sé það ekki mögulegt eða sé ekki hægt að gera það umsvifalaust, gæti það orðið fullnægjandi lausn fyrir foreldra og nemendur að velja þann kost að hafna fraeðslunni, að því gefnu að sá kostur sé skipulagður af skilningi og án mismununar.
6. Þeir sem kenna um trúarbrögð ættu að hafa fullnægjandi menntun til þess starfs. Þessir kennarar verða að hafa tileinkað sér þekkingu, viðhorf og hæfni til þess að kenna um trúarbrögð á sanngjarnan og yfirvegaðan hátt. Kennurum dugar ekki þekking á námsefninu heldur verða þeir að búa yfir kennslufræðilegri færni til þess að eiga samskipti við nemendur og auðvelda þeim gagnkvæm samskipti innbyrðis af skilningi og virðingu.
7. Þegar verið er að undirbúa og setja saman námsefni og námskrár, kennslubækur og fraeðsluefni til kennslu um trúarbrögð ætti að taka fullt tillit til sjónarmiða bæði

trúaðra og trúlausra og sýna þeim sanngirni og virðingu. Forðast ber ónákvæmt og fordóma-fullt efni, einkum ef það styrkir neikvæðar staðalímyndir.

8. Móta ber námsefni og námskrár í samræmi við viðurkennda faglega staðla til þess að tryggja jafnvægi við kennslu um trúarbrögð. Þróun og gerð námsefnis og námskrár ætti einnig að fela í sér opið og sanngjarnt ferli sem gefur öllum áhugamönnum tækifæri til þess að leggja fram athugasemdir og veita ráðgjöf.
9. Gæðanámsefni og námskrár um kennslu um trúarbrögð hafa aðeins jákvæð áhrif með hliðsjón af Toledo leiðbeinandi meginreglunum, ef kennarar fá faglega þjálfun í að nota efnið og tækifæri til þess að bæta við þekkingu sína og færni á þessu sviði. Móta ber alla grunnfræðslu kennara og þróa hana áfram í samræmi við meginreglur lýðræðis og mannréttinda, auk þess sem hún á að fela í sér skilning á menningarlegri og trúarlegri fjölbreytni í samfélaginu.
10. Í námsefni til kennslu um trúmál þarf að leggja áherslu á helstu þætti í þróun trúar og trúarkenninga, jafnt í sögulegu samhengi sem í ljósi samtímans, og hvernig þeir endurspeгла bæði hnattræn og staðbundin málefni. Þar ber að taka fullt tillit til þess hvernig bæði trúarleg og veraldleg fjölbreytni kemur fram í skólum og samfélögum þeirra á hverjum stað. Slíkt auðveldar umfjöllun um málefni nemenda, foreldra og annarra sem hagsmuna eiga að gæta á sviði menntunar og fræðslu (ODIHR, 2007, bls. 16–17).

Kennaramenntunin

Menntun kennara er ítarlega rædd í *Toledo Guiding Principles ...* (ODIHR, 2007), einkum með tilliti til fræðslu um trúarbrögð, lífsviðhorf og mannréttindi. Vísað er í rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal kennara í mörgum ríkjum ÖSE, þar sem þeir voru spurðir hvort þeir teldu sig vel búna undir kennslu í fjölmennings-samfélögum þar sem ræða þarf trúarlegan og menningarlegan margbreytileika innan veggja skólastofunnar. Þessar rannsóknir leiddu í ljós að kennarar töldu sig almennt vanbúna að takast á við þessa fræðslu. Óhætt er að fullyrða að svipaða sögu sé að segja hér á landi.

Með þetta í huga er hvatt til þess að menntun kennara í trúarbragðafræðum, ólíkum lífsviðhorfum, menningarfræðum og mannréttindum verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar svo að kennarar geti mætt breyttum aðstæðum, sem ekki aðeins varða eigið samfélag, heldur einnig með tilliti til breyttra aðstæðna á alþjóðavettvangi. Að loknu námi þurfi kennarar að:

- hafa staðgóða þekkingu á helstu trúarbrögðum heims og öðrum lífsviðhorfum
- hafa vald á að kenna um trúarbrögð innan ramma mannréttindaákvæða
- hafa uppeldis- og kennslufræðilega hæfni til að gera trúarbragðafræði að áhugaverðu viðfangsefni
- hafa vald á ólíkri kennslufræðilegri nálgun í trúarbragðafræðslu
- skilja félagsleg og menningarleg áhrif sem trúarbrögð og lífsviðhorf hafa, og hafa haft
- gera sér grein fyrir mikilvægi trúarbragða og annarra lífsskoðana í persónulegu lífi einstaklinga
- hafa öðlast færni í að leiða umræður nemenda um álitamál og hæfni til að gera grein fyrir álitamálum og ólíkri afstöðu til þeirra á málefnalegan og sanngjarnan hátt
- hafa öðlast þekkingu og færni til að kenna nemendum sínum umburðarlyndi

(ODIHR, 2007, bls 58–59)

Mikilvægt er að kennarar almennt hafi þekkingu á þessum fræðum svo þeir geti betur skilið nemendur sína, sem í sífellt ríkari mæli eru blandaður hópur í trúmálum og lífsviðhorfum.

Frelsi til að velja

Miðað við alþjóðlega staðla hafa ríki verulegt svigrúm í ákvarðanatöku um hvernig trúarbragðafræðslu skuli háttað. Hins vegar er óheimilt að nota opinbert menntakerfi til þess að innræta nemendum tiltekin lífsviðhorf í andstöðu við foreldra. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt áherslu á að námskrár kveði á um miðlun þekkingar á hlutlægan og gagnrýninn hátt í anda fjölhyggju (European Court of Human Rights, 2007). Dómurinn hefur einnig úrskurðað að það stríði ekki gegn mannréttindaákvæðum þótt meiri áhersla sé lögð á kristna trú en önnur trúarbrögð og lífsviðhorf ef saga og menning viðkomandi þjóðar er samofin kristinni trú.

Á það er bent í *Toledo Guiding Principles ...* (ODIHR, 2007) að í ströngum skilningi sé engin námsgrein, hvort sem hún fjallar um trúmál eða eitthvað annað, algjörlega hlutlaus, heldur séu sérhverri þeirra skoðuð ólík sjónarhorn. Því meira sem viðkomandi námsgrein fjalli um trúmál eða heimspeki, því meiri líkur séu á því að kennslan stangist á við rétt foreldra eða forráðamanna til að ala börnin sín upp samkvæmt eigin lífsviðhorfum eða trúarskoðunum. Þess vegna sé mikilvægt að gera nemendum kleift að fá undanþágu frá slíkum námsgreinum eða einstökum þáttum þeirra.

Spurningin um möguleika til undanþágu frá einstökum námsgreinum eða námspáttum er ítarlega rædd. Ljóst er að sé hlutleysis og hlutlægni gætt við gerð námskrár og skipulag kennslu um trúarbrögð og lífsviðhorf í opinberum skólum hafa yfirvöld menntamála heimild til að skylda nemendur til að sækja kennslustundir í þessum fræðum. Hins vegar getur verið álitamál hvenær tiltekin námsáætlun er nægilega hlutlaus og hlutlæg. Af þeim sökum er sérstakur kafli um ólíkar leiðir til að veita nemendum sanngjarnar undanþágur frá því að sækja tíma í trúarbragðafræðum. Sömu viðmiðum þarf að beita þegar kemur að undanþágum frá öðrum námsgreinum eða námsefnisþáttum, svo sem sögu, bókmenntum, tónlist, heimspeki o.fl., sem innihalda einhvers konar kennslu um trúarbrögð eða trúarskoðanir.

Eins og þegar er komið fram leggja bæði ÖSE og Evrópuráðið mikla áherslu á að frætt sé um trúarbrögð í opinberum skólum og að við gerð námskrár sé gætt hlutlægni þar sem til-lit er tekið til menningarlegrar og trúarlegrar fjölbreytni. En í *Toledo Guiding Principles ...* (ODIHR, 2007) er einnig vakin athygli á að kennsla um trú og trúarbrögð og virðingu fyrir trú og trúfrelsi fer ekki einungis fram í kennslu tiltekinna námsgreina heldur oftast en ekki með fordæmum í aðstæðum þar sem kennarar og annað starfsfólk bregst við lögmætum trúarlegum þörfum nemenda. Í hvert skipti sem starfsfólk skóla virðir eða neitar einlægum samviskubundnum óskum eða kröfum nemenda sendir það skilaboð sem geta bætt eða grafið undan umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu í skólaumhverfinu. Allt starfsfólk skóla þarf að vera upplýst um lögmætar kröfur nemenda byggðar á trúfrelsi til að draga úr líkum á því að brugðist sé við slíkum kröfum með særandi hætti. Með því að eiga sam-skipti við foreldra á opinn og varfærinn hátt er hægt að leggja töluvert af mörkum til að efla óbeina fræðslu um virðingu fyrir ólíkum lífsviðhorfum og trúarbrögðum.

Ábendingar Toledo-ráðstefnunnar til yfirvalda

Í skýrslu ráðstefnunnar eru settar fram ábendingar og tilmæli til yfirvalda í ríkjum sem aðild eiga að ÖSE um aðgerðir til að efla trúarbragðafræðslu.

Mælt er með því að stjórnir þeirra ríkja sem aðild eiga að ÖSE dreifi leiðbeinandi megin-reglum ráðstefnunnar til yfirvalda menntamála, kennarastofnana, kennarasambanda og

foreldrafélaga. Jafnframt eru yfirvöld hvött til að taka mið af þeim ályktunum og viðmiðum sem Evrópuráðið hefur sent frá sér. Þá eru yfirvöld menntamála hvött til að vanda náms-efnisgerð og hafa samráð við fulltrúa trúfélaga og samtaka um tiltekin lífsviðhorf þegar námsefni er samið og tryggja að það uppfylli faglegar kröfur. Yfirvöld eru einnig hvött til að huga sérstaklega að menntun kennara í trúarbragðafræðum, bæði í grundvallarþekkingu þeirra en jafnframt kennslufræðilegri hæfni þeirra svo þeir búi yfir víðtækri þekkingu og skilningi á leiðum til þess að kenna um trúarbrögð af fullri virðingu, hlutleysi og á fagmannlegan hátt og hafi skilning á fjölbreytni skoðana trúaðra og trúlausra í samfélaginu. Að lokum er yfirvöldum bent á að nýta sér sérfræðiþekkingu ráðgjafanefndar ÖSE um trúfrelsi þegar námsefni er mótað og þegar kennaramenntastofnanir og starfsáætlanir þeirra eru metnar.

Í ljósi þessa má sjá að íslensk yfirvöld menntamála eiga mikið verk óunnið þegar kemur að fræðslu um trúarbrögð og lífsskoðanir í opinberum skólum, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi og einnig á háskólastigi. Sama gildir um undirbúning kennara til þess að annast þessa fræðslu.

Niðurlag

Hér að framan hefur verið leitast við að kynna þá umræðu um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum sem farið hefur fram á vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE undanfarinn hálfan annan áratug. Þær ástæður, sem helst hafa verið tilgreindar sem rök fyrir þessari fræðslu eru þær að þekking á trúarbrögðum geti stuðlað að umburðarlyndi, skilningi á eigin trú og menningu, trú og menningu annarra, stuðlað að friði og styrkt trúfrelsi, tjáningarfrelsi og lýðræði, auk þess að greiða fyrir þvermenningarlegri samræðu. Jafnframt hefur verið bent á að trúarbragðafræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi sé þröngur stakkur skorinn héraðs og að kennaramenntunin sé ófullnægjandi. Umræða um fjölmenningu í íslensku samfélagi fer sífellt vaxandi og hefur verið hvatt til aukinnar fræðslu um hana m.a. í kennaranámi. Snar þáttur í þeirri fræðslu hlýtur að snúast um trúarbrögð og menningu ýmissa þjóðfélagsþópa.

Nú, þegar kennaranámið hefur verið lengt í fimm ár ætti, í ljósi þess sem hér hefur verið kynnt, að íhuga af alvöru að auka hlut trúarbragðafræðslu og trúaruppeldis- og kennslufræði í framtíðarskipan kennaranáms. Jafnframt er mikilvægt að við gerð nýrrar námskrár í trúarbragðafræðum verði tekið tillit til ábendinga og tillagna Evrópuráðsins og ÖSE.

Heimildir

Alvesson, M. og Sköldberg, K. (1994). *Tolkning och reflektion. Vetenskapsfilosofi och kvalitativ metod* (bls. 23–38). Lundur: Studentlitteratur.

Berger, P. L. (1969). *The Sacred Canopy. Elements of a Sociological Theory of Religion*. New York: Doubleday and Company, Inc.

Berger, P. L. (1999). The Desecularization of the World. A Global Overview. Í Peter L. Berger (ritstjóri), *The Desecularization of the World: Resurgent Religion and World Politics* (bls. 1–18). Washington, D.C.: Ethics and Public Policy Center.

Copley, T. (2005). *Indoctrination, Education and God. The struggle for the Mind*. London: SPCK.

Committee on Culture and Education. (1998, 27. nóvember). *Religion and democracy* [nr. 8270]. Brussel: Council of Europe. Sótt í júní 2011 af <http://assembly.coe.int/-/Main.asp?link=http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc98/edoc8270.htm>

Committee on Culture, Science and Education. (2005, 19. september). *Education and religion* [nr. 10673]. Brussel: Council of Europe. Sótt í júní 2011 af <http://assembly.coe.int/documents/WorkingDocs/doc05/EDOC10673.htm>

Committee on Culture, Science and Education. (2007, 8. júní). *State, religion, secularity and human rights* [nr. 11298]. Brussel: Council of Europe. Sótt í júní 2011 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc07/edoc11298.htm>

Crittenden, B. (1988). *Parents, the State and the Right to Educate*. Melbourne: Melbourne University Press.

Davie, G. (1999). Europe: The exception that proves the rule. Í Peter L. Berger (ritstjóri), *The Desecularization of the World: Resurgent Religion and World Politics* (bls. 65–84). Washington D.C.: Ethics and Public Policy Center.

European Court of Human Rights. (2007, 8. júní). *Case of Folgerø and Others v. Norway* nr. 15472/02.

Frumvarp til laga um grunnskóla nr. 258/319 2007–2008. *Alþingipingistíðindi A-deild*, 135.

Newbiggin, L. (1989). *The Gospel in a Pluralistic Society*: Grand Rapids, Michigan: Eerdmans.

ODIHR. (2007). *Toledo Guiding Principles on Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools*. Varsjá: OSCE/ODHIR.

Parliamentary Assembly. (1993, 12. janúar). *Report on religious tolerance in democratic society* [nr. 6732]. Brussel: Council of Europe. Sótt í júní 2011 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc93/edoc6732.htm>

Páll Skúlason. (1987). Hvað eru vísindi? Í Páll Skúlason (ritstjóri), *Pælingar* (bls. 137–138). Reykjavík: Ergo sf.

Scharf, B. R. (1970). *The Sociological Study of Religion*. London: Hutchinson.

Sigurður Pálsson. (2008). *Kirkja og skóli á 20. öld*. Reykjavík. Kennaraháskóli Íslands.

Sødal, H. K. (2008). Toledo-rapporten. *Prismet*. 3, 165–170. Osló: IKO.

Thomas, S. M. (2005). *The Global Resurgence of Religion and the Transformation of International Relations. The Struggle for the Soul of the Twenty-First Century*. New York: Palgrave Macmillan.

Ziebertz, H. G. og Riegel, U. (ritstjórar). (2008). *Europe: Secular or Post-secular?* Berlín: Lit Verlag.



Sigurður Pálsson. (2011).
Trúarbragðafraeðsla í skólum: Af vettvangi Evrópuráðsins og ÖSE.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/007.pdf>